


Haukur Ragnarsson flytur ávarp fyrir hönd barna Grethe og Ragnars Ásgeirssonar, sem gefið hafa Kjarvalssafni fjögur listaverk eftir meistarann.

KJARVALSSÝNING Á KLAMBRATÚNI

Sex nýjar myndir gefnar safninu


Í gær opnaði Birgir Ísleifur Gunnarsson, borgarstjóri, sýningu á um áttatíu myndum eftir Jóhannes S. Kjarval í sal þeim í myndlistarhúsinu á Klambratúni, sem kenndur er við listamanninn. Meðal myndanna á sýningunni eru sex, sem Kjarvalssafninu hafa nýverið borist að gjöf. Fjórar þeirra eru gjöf frá börnum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar, ein frá Karítasi Bjargmundsdóttur og ein frá bræðrunum Einari, Friðriki og Guðmundi M. Björnssonum.

Haukur Ragnarsson flutti við opnunina ávarp fyrir hönd barna Grethe og Ragnars Ásgeirssonar og sagði að myndirnar fjórar væru gefnar safninu til minningar um foreldra þeirra, en Ragnar Ásgeirsson var meðal þeirra fyrstu, sem reyndu að kynna íslenska myndlist erlendis. — Í ávarpi sínu við opnun sýningarinnar gat borgarstjóri þess meðal annars, að 12 jan. n.k. yrði opnuð í myndlistarhúsinu á vegum borgarinnar sýning á listaverkum í eigu hennar. Þá skýrði borgarstjóri svo frá að Frank Ponzi, listfræðingur, hefði verið ráðinn stjórn myndlistarhússins til ráðuneytis.



Rjúpur, olíumálverk á léreft, eitt Kjarvalsverkanna sex, sem núverið voru gefin Kjarvalssafni. Málverkið er gjöf frá bræðrunum Einari, Friðriki og Guðmundi M. Björnssonum.

Sovéskt rannsóknarskip í Reykjavík



Myndin hér að ofan er af sovésku rannsóknarskipi, er kom til hafnar í Reykjavík í gær til að taka hér vatn og vistir. — Skipið, sem er 14.000 brúttórúmlestir að stærð heitir Komarov og kemur frá Suður-Grænlandi, þar sem það fæst við rannsóknir á gangi himintungla og gervihnatta.

Óstéttvísir útgerðarmenn

Stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna hefur að venju rekið upp mikið kvein, og að þessu sinni þykjast útgerðarmenn ekki geta hafið útgerð fyrr en fiskverð hefur verið ákveðið, þó svo það hafi ekki þótt tiltökumál hér á árum viðreisnarstjórnarinnar að bíða eftir fiskverðinu fram eftir vetrarvertíð.

Þessi mótmæli útgerðarmanna byggjast að hluta á því að janúarmánuður er yfirleitt fremur óhagstæður mánuður til útgerðar og fáir bátar sem gera meira en fiska fyrir tryggingu.

En heróp fyrirsvarsmanna LÍÚ virðist ekki ætla að bera tilætlaðan árangur, því vitað er um fjölda togara, stærri og minni, sem útbúa sig nú af kappi fyrir veiðiferðir í lengra lagi, sem leggja á í fyrir áramótin, áður en til útgerðarstöðvunarinnar kemur.

—úþ

Lést eftir átök við bróður sinn

Snemma á aðfangadagsmorgun kom til átaka milli nokkurra manna í Reykjavík, sem allir voru ölvaðir nema einn. Sá sem ódrukkinn var hafði ekið bifreið er hópurinn var í. Þegar bifreiðastjórinn vildi skipta sér af illdeilunum sló bróðir hans, sem var í hópnum, til hans með þeim afleiðingum að bifreiðastjórinn féll í götuna og stóð ekki upp aftur.

Héldu menn að hann hefði aðeins rotast og hugðust koma honum í hús, en er verið var að bera manninn inn, kom í ljós að hann var látinn. Var þá lögreglunni gert viðvart.

Að því er rannsóknarlögreglan sagði í gær, var bifreiðarstjórinn búinn að vera hjartveikur í mörg ár, og í gær var verið að kryfja líkið og kanna dánarorsökina. Var bróðir hins látna úrskurðaður í gæsluvarðhald þar til það liggur fyrir hvort bróðir hans lést af afleiðingum átakanna eða hvort hjartabilun var banamein hans.

Maðurinn sem lést hét David Pétursson, 33 ára gamall, til heimilis að Fellsmúla 22. — S.dór.

Nú eru það dráttarvextir — og áhrifin:

Ekki biðraðir um áramótin, jöfn greiðsla allt árið

Innheimta um s.l. mánaðamót mun meiri en á sama tíma í fyrra

Um síðustu mánaðamót reyndist innheimta skatta í Reykjavík mun meiri en á sama tíma í fyrra.

Samkvæmt upplýsingum gjaldheimtustjórans í Reykjavík höfðu innheimst 3,6 miljarðar króna um síðustu mánaðamót af álögðum gjöldum þessa árs, þó ekki talin fasteignagjöld, en það eru 67,45% af álögðum gjöldum þessa árs, sem nema alls 5.388 miljónum króna.

Á sama tíma í fyrra höfðu innheimst 64% álagðra gjalda ársins 1972, eða 2,5 miljarðar króna af alls 3,9 miljörðum.

Síðustu árin hefur innheimst sem hér segir af álögðum gjöldum:

1972	81,07%
1971	83,07%
1970	84,4%

Mest hefur innheimst 1965, 86,9%, en síðustu árin hefur minnst innheimst 1967 og 1968, 79,7 og 79,8%

Það var fyrst í fyrra, 1972, að ekki var lengur beitt frádráttarreglunni við álagningu skatta og innheimtu. Töldu ýmsir að slíkt kæmi ver út fyrir sameiginlega sjóði landsmanna, en raunin hefur orðið önnur, og hafa menn greitt jafnara skatta sína en áður var. Þess vegna er ekki sama biðröðin um áramótin nú og oft hin fyrri ár, þó að margur maðurinn leggi nú leið sína í Gjaldheimtuna þessa síðustu daga fyrir áramót.

Stöðva ekki barnaskemmtanir

Blaðinu barst í gær svofelld fréttatilkynning frá Félagi framreiðslumanna:

„Þrátt fyrir yfirstandandi verkfall Félags framreiðslumanna mun félagið ekki hindra jólatrésskemmtanir fyrir börn sökum þess að óeðlilegt hlýtur að teljast að láta þau gjalda samningstregðu af hálfu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda.

Það er von félagsins með þessari ráðstöfun að forráðamenn slíkra skemmtana hafni boðum um veitingar af hálfu veitingamanna þar eð verkfallsbrot myndi eflaust setja óyndislegt yfirbragð á jólaskemmtanir barnanna."

Maður varð úti í Sandgerði

Fullorðinn maður fannst látinn úti á víðavangi í Sandgerði í gærmorgun. Virðist sem hann hafi króknað úr kulda og legið þarna alla nóttina illa búinn, en vonskuveður var í Sandgerði þessa nótt.